

18. nóvember 2009

Alþingi
Erindi nr. þ 138/188
komudagur 18.11.2009

Persónuvernd vísar til tölvubréfs þíns fyrir hönd viðskiptanefndar Alþingis sem stofnuninni barst í dag. Þar greinir frá því að samkvæmt frumvarpi til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og einkahlutafélög eigi að setja í þau lög ákvæði um að senda eigi hlutafélagaskrá upplýsingar um hlutföll kynja í stjórnnum félaga, sbr. 2. og 8. gr. frumvarpsins. Í viðskiptanefnd hafi verið rætt hvort umræddar upplýsingar séu ekki aðgengilegar nú þegar, m.a. þar sem hlutafélagaskrá sé tengd þjóðskrá þannig að hægt eigi að vera að greina kyn fólks eftir nafni þess. Fram hafi komið sjónarmið í nefndinni um að samkeyrsla sem þessi sé ómöguleg vegna persónuverndarsjónarmiða.

Þess er óskað í tölvubréfinu að Persónuvernd sendi fulltrúa á fund nefndarinnar á morgun. Því miður sér stofnunin sér það ekki fært. Hins vegar skal tekið fram að Persónuvernd er ekki kunnugt um annað en að hlutafélagaskrá hafi verið tengd þjóðskrá um langt skeið. Hefur stofnunin ekki talið tilefni til að taka það til sérstakrar umfjöllunar, enda hefur ekki virst sem við slíka samtengingu hafi verið unnið með persónuupplýsingar á þann veg að orkað geti tvímælis í ljósi laga nr. 77/2000.

Einnig skal tekið fram að Persónuvernd gerir ekki athugasemdir við umrædd ákvæði frumvarpsins.

Virðingarfyllt
f.h. forstjóra Persónuverndar

Þórður Sveinsson